

Nd.

403. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt skal stjórnarráðinu að gefa allsherjar viðurkenningu skóla, sem stofnsettur er af einstökum mönnum og fylgir sérstakri reglugjörð, samþyktri af yfirstjórn fræðslumála og staðfestri af stjórnarráðinu.

2. gr.

Slíkir skólar liggja undir aðalumsjá stjórnarráðsins, og skulu skóla- eða fræðslunefndir hafa eftirlit með hollustuháttum skóla þessara, og sjá um, að fræðslureglum þeirra verði framfylgt.

3. gr.

Börn á skólaaldri, er slíka skóla sækja, þurfa ekki að sækja um leyfi til þess hjá skólanefnd eða fræðslunefnd. En skólastjóri slíks skóla skal við byrjun hvers skólaárs láta skólanefnd eða fræðslunefnd í té skýrslu um það, hvaða börn munu sækja skólann á því skólaári. Eigi eiga slíkir skólar heimting á styrk af almannafé.

4. gr.

Frestur sá, sem veittur er í 15. gr. laga um fræðslu barna 22. nóv. 1907,
lengist um 2 ár, til 1. jan. 1912.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1909.